

Árið 2026, miðvikudaginn 24. júní kl. 10:00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Steinari Þór Guðgeirssyni og Jóhannesi Alberti Sævarssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 2/2026

Vestri

gegn

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Steinar Þór Guðgeirsson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 19. maí 2026, þar sem áfrýjanda var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 100.000,- til KSÍ vegna óprúðmannlegrar framkomu þjálfara áfrýjanda í leik Vestra gegn Gróttu í 16-liða úrslitum Mjólkurbikarsins þann 19. maí 2026.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 21. maí sl. þar sem áfrýjandi gerir eftirfarandi kröfur:

Þess er krafist að ákvörðun aganefndar KSÍ um sekt að fjárhæð kr. 100.000 á kæranda verði felld úr gildi eða lækkuð verulega.

II

Með hinum kærða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var áfrýjanda gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 100.000,- vegna háttsemi þjálfara í hálfleik. Í skýrslu dómara leiksins er að finna eftirfarandi lýsingu:

„Rekinn af leikvelli á 46. mín Koma fram á ögrandi eða ógnandi hátt, Þjálfari óskaði eftir samtali eftir hálfleiksflaut og fékk leyfi til að ganga inn í klefa dómara í hálfleik. Kom hann æstur inn, með offorsi og gaf öðrum ekki tækifæri á að tala. Við það var hann beðinn um að yfirgefa klefann. Brást hann illa við því og hafði uppi ógnandi hegðun og reyndi að koma í veg fyrir að hurð yrði lokað og fékk á þeim tímapunkti brottvísun. Hurðin var lokið í örfáar sekúndur þar til þjálfari sparkaði

henni upp og skemmdi hana í leiðinni með tilheyrandi köllum og frekara ógnandi háttalagi þjálfara. Var hann í kjölfarið fjarlægður af starfsmönnum heimaliðs.“

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vísar í úrskurði sínum til óprúðmannlegrar framkomu samkvæmt a-lið gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál en um er að ræða agamál í skilningi 6. gr. reglugerðarinnar.

Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í þeim undantekningartilvikum sem greinir í a- til e-liða gr. 17.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Samkvæmt b-lið gr. 17.2. er heimilt að skjóta úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,-. Á því kærán undir dómstólinn eins og atvikum er hér háttáð.

III

Í áfrýjun er gerð sú krafa að sekt samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar verði felld úr gildi eða sekt lækkuð verulega. Áfrýjandi fellst á að háttsemi þjálfara hafi réttlætt agaviðurlög í formi leikbanns, en telur sektina óhóflega og ekki í samræmi við meðalhóf eða sambærileg mál innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Áfrýjandi telur þriggja leikja bann fullnægjandi refsingu og að með því að bæta við kr. 100.000 sekt sé gengið lengra en tilefni standi til, sérstaklega þar sem ekki liggi fyrir að háttsemin hafi valdið leikslitum, öryggisógn eða öðrum verulegum afleiðingum.

Áfrýjandi bendir á mikilvægi þess að samræmis sé gætt við fyrri úrlausnir aganefndar og áfrýjunardómstóls KSÍ. Af þessu tilefni óskar áfrýjandi sérstaklega eftir því að áfrýjunardómstóll taki afstöðu til þess hvort fordæmi séu fyrir því að bæði sé dæmt í margra leikja bann og lögð á há fjársekt vegna sambærilegrar háttsemi þjálfara eða leikmanna. Að lokum telur áfrýjandi að ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar sé ekki nægilega rökstudd.

IV

Samkvæmt gr. 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd um þau atriði sem koma fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að aðilar hafi heimild til þess að gera skriflega athugasemd við brottvísun/athugasemd sem á í hlut hverju sinni og eftir atvikum leggja fram önnur gögn, sbr. gr. 6.4. Þá kemur fram í gr. 6.5 framangreindrar reglugerðar að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns skuli lögð til grundvallar niðurstöðu í agamálum en ef vafi leiki á atvikum sé m.a. heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga. Af framangreindu leiðir að meginreglan sé sú að aga- og úrskurðarnefnd beri að styðjast við skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns.

Samkvæmt skýrslu dómara frá leik Vestra gegn Gróttu sýndi þjálfari áfrýjanda af sér ógnandi hegðun, m.a. eftir að hafa fengið brottvísun og verið vísað úr klefa dómara leiksins. Áfrýjandi mótmælir því ekki að háttsemi þjálfara síns hafi verðskuldað þriggja leikja bann heldur eingöngu fjársekt á þeim grundvelli að meðalhófs sé ekki gætt og að fordæmi séu ekki fyrir svo þungri refsingu. Aga- og úrskurðarnefnd vísar í úrskurði sínum til óprúðmannlegrar framkomu í skilningi a-liðar gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í 13. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál er fjallað um viðurlög í agamálum, allt í senn leikbönn, fjársektir og önnur atriði sem tengjast agabrotum leikmanna, þjálfara og annarra sem koma að knattspyrnuleikjum. Ákvæðið

gerir ráð fyrir því að viðurlög við agabrotum geti bæði varðað leikbanni og sektum, sbr. gr. 13.9. Í a-lið gr. 13.9 segir eftirfarandi:

„Brot samkvæmt ákvæðum 13. gr. geta varðað sektum allt að fjárhæð kr. 500.000 í meistaraflokki og kr. 250.000 í öðrum aldursflokkum. Sama gildir ef þessir aðilar verða uppvísir að óþrúðmannlegri framkomu.“

Dómurinn hefur yfirfarið öll gögn málsins og telur ljóst að heimild standi til þess að beita fjársekt samhliða leikbanni. Af gögnum málsins telur dómurinn enga ástæðu til þess að efast um mat hins kærða úrskurðar þess efnis að háttsemi þjálfarans hafi falið í sér óþrúðmannlega framkomu í skilningi framangreinds ákvæðis. Þá fellst dómurinn ekki á röksemdir áfrýjanda þess efnis að háttsemin hafi ekki falið í sér öryggisógn heldur beri skýrsla dómara þvert á móti með sér að dómara leiksins hafi upplifað ógnun í sinn garð. Með vísan til framangreinds telur dómurinn ekki tilefni til að fella úrskurð aga- og úrskurðarnefndar um sekt áfrýjanda úr gildi. Fallist er á kröfu um lækkun sektarinnar með vísan til meðalhófs. Í ljósi atvika telur dómurinn sekt að fjárhæð kr. 75.000 hóflega.

Dómsorð:

Vestri skal greiða sekt að fjárhæð kr. 75.000 til KSÍ vegna óþrúðmannlegrar framkomu þjálfara félagsins.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]